

Uppdr. Nr.

**5434**

Sveitarfélag

**0000**

Undirnúmer

**635**

Dagsetning

**19.06.2003**

Greinargerð með deiliskipulagi Heiðargerðisreits.



HÚS OG SKIPULAG, BOLHOLTI 8, 105 REYKJAVÍK, sími 511 1099, husogskipulag@islandia.is  
Hildigunnur Haraldsdóttir arkitekt F.A.I. Dags. 14.11.2002. Br. 06.02.2003.  
Greinargerð hefur verið breytt að lokinni auglýsingu í samræmi við umsögn Skipulagsfulltrúa Rvk.

# Greinargerð með deiliskipulagi Heiðargerðisreits.

## 1. Forsendur.

Deiliskipulag Heiðargerðisreits, sem afmarkast af Miklubraut til norðurs, Grensásvegi til austurs, Brekkuggerði og lóð Hvassaleitsskóla til suðurs og húsum við Stóramerði til vesturs, nánar tiltekið göturnar Heiðargerði og Hvammsgerði, er framhald af gerð deiliskipulags Teigagerðisreits. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur hefur gert forsögn og fengið Árbæjarsafn í samráði við byggingarlistadeild Reykjavíkur til að gera húsakönnun á reitnum og eru þessi gögn höfð að leiðarljósi við gerð deiliskipulagsins.

### 1.1. Eldra skipulag:

Skipulag Smáibúðahverfis er frá árinu 1951. Þór Sandholt skipulagði hverfið og á skipulagsupprætti voru aðeins sýndar götur og byggingarreitir húsa. Þar eru fyrstu botnlangagötur gerðar í Reykjavík. Efnt var til samkeppni um teikningar smáhúsa og hlaut Gunnar H. Ólafsson fyrstu verðlaun og Bárður Ísleifsson önnur verðlaun. Afrakstur samkeppninnar varð sá að bærinn létt fólk í té vandaðar teikningar sem sniðnar voru að þörfum þess og félù vel inn í hverfið. Á þeim reit sem hér er endurskipulagður teiknaði Þór Sandhotl 32 hús (oddatölunúmer) og Gunnlaugur Pálsson teiknaði 22 hús. Gunnar Ólafsson teiknaði 15 hús og Guttormur Andrésson 13 hús og 7 hús ásamt Ólafi syni sínum og Bárður Ísleifsson teiknaði fjögur hús. Þá teiknuðu ýmsir eitt til tvö hús á reitnum.

Samkvæmt hverfisskipulagi frá 1988 er reiturinn í borgarhluta 5. Markmið hverfaskipulags er að styrkja fíngert og heilstætt yfirbragð svæðisins. Þar er gert ráð fyrir að stærðir húsa takmarkist af eftirfarandi: **Hæð:** Tvær hæðir án kjallara; standi hús í brekku skal jarðhæð ganga inn í brekkuna. Lágt ris. Sé kjallari að hálfu niðurgraflinn eða meira má byggja allt að 1 m port ofan á 1. hæð. Rishæð skal ekki vera meirri en 3.8 m samtals og mestur þakhalli  $45^{\circ}$ . **Pak:** Við endurbyggingu skal upprunalegu þakformi haldið í aðalatriðum. **Grunnflótur:** Hámarksstærð grunnflatar á flestum lóðum 80-100 m<sup>2</sup>.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur sem staðfest var 20. desember 2002 er ekki getið um nýtingarhlutfall. Í hefti um gerð deiliskipulags kemur fram að deiliskipulag ásamt greinargerð skal vera í samræmi við gildandi aðalskipulag og taka mið af stefnumörkun borgaryfirvalda á viðeigandi svæði.

## 2. Núverandi aðstæður og niðurstöður:

Helstu einkenni byggðarinnar eru einnar til tveggja hæða einbýlis- og keðjuhús og vel grónir garðar. Í Heiðargerði er mikið um 2ja hæða hús með mænisþaki. Byggðin er þétt og er mjög skjólsælt í hverfinu. Við norðanvert Heiðargerði eru þétt lítil 2 ja hæða keðjuhús sem sum tengjast nú þegar með bílskúrum, en annars eru stakstæð hús á reitnum. Á reitnum er leiksvæði sem þjóni áfram sem grenndarvöllur. Þá er trukkastæði austast á reitnum og er gert ráð fyrir að breyta því í lóð fyrir íbúðarhús, sjá skilmála.

Leiksvæði verði haldið við.

### 2.1. Íbúðafjöldi:

Hverfið er þétt einbýlis- og keðjuhúsahverfi. Samkvæmt skráningu Fasteignamats ríkisins eru tvær íbúðir í 11 húsum, en víðast er sami eigandi beggja íbúða. Önnur hús á reitnum eru skráð sem einbýli. Alls eru því skráðar 123 íbúðir á reitnum. Mjög fátítt er að auka íbúðir hafi verið samþykktar í byggingarnefnd.

*EKKI VERÐI SAMÞYKKTAR AUKA ÍBÚÐIR Á REITNUM NEMA AÐ UPPFYLLTUM SKILYRÐUM UM FJÖLDA BÍLASTÆÐA INNI Á LÓÐ, Þ.E. TVÖ BÍLASTÆÐI FYRIR AÐALÍBÚÐ OG EITT BÍLASTÆÐI FYRIR AUKAÍBÚÐ UNDIR 80 m<sup>2</sup> AÐ STÆRÐ SJÁ VINNUPLAGG BORGARSKIPULAGS FRÁ 17. APRÍL 1997.*

### 2.2. Nýtingarhlutfall:

Nýtingarhlutfall hefur verið reiknað fyrir allar lóðir á reitnum og er miðað við birt flatarmál frá Fasteignamati ríkisins. Í Heiðargerði er meðalnýtingarhlutfall 0.35 fyrir oddatöluluftann, 0.34 fyrir jöfnu tölurnar og í Hvammsgerði er það 0.40. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að á lóðun nr. 3-65 við Heiðargerði verði nýtingarhlutfall allt að 0.5. Á öðrum lóðum verði nýtingarhlutfall húsa án kjallara allt að 0.4, en ef um kjallara er að ræða verði nýtingarhlutfall allt að 0.5, (0.45 ef kjallari er undir hluta húss). "Pegar útreikningur á nýtingarhlutfalli er miðaður við brúttó flatarmál, skal gera ráð fyrir að hámarksnýtingarhlutfall sé um 0,05 hærra" en uppgefið er þegar miðað er við birt flatarmál." (viðbótar texti feb. 2005)

*EKKI VERÐI FALLIST Á VIÐBYGGINGAR SEM GEFA HÆRRA NÝTINGARHLUTFALL Á LÓÐ EN 0.5 Á LÓÐUM NR 3 – 65 VIÐ HEIÐARGERÐI. Á ÖÐRUM LÓÐUM VIÐ HEIÐARGERÐI OG ÖLLUM LÓÐUM VIÐ HVAMMSEGRÐI MÁ BYGGJA VIÐ SVO NÝTINGARHLUTFALL VERÐI 0.4 ÞEGAR HÚS ERU ÁN KJALLARA, 0.45 ÞEGAR KJALLARI ER UNDIR HLUTA HÚSS OG 0.5 Í HÚSUM MEÐ KJALLARA.*

### 2.3. Húsin:

Vegna lánastefnu þegar hverfið var byggt, voru stærðir húsa takmarkaðar við 80 m<sup>2</sup> grunnflót. Á

byggingartímanum var víða sótt um hækken risþaks og all víða sótt um kvisti og / eða kjallara. Á seinni árum hefur viða verið sótt um bílskúra, viðbyggingar og hækken þaks.

#### **2.4. Húsakönnun:**

Árbæjarsafn og byggingarlistadeild Listasafns Reykjavíkur framkvæmdi húsakönnun á reitnum vegna fyrirhugaðarar deiliskipulagsvinnu. Þar kemur fram að útlitseinkennum flestra húsa á svæðinu hefur verið breytt í gegn um tíðina, s.s. gluggapóstum, þakkontum og þakefnum. Útveggir hafa verið klæddir og misstórar viðbyggingar gerðar við einstök hús. Í fæstum tilfellum hefur tillit verið tekið til aldurs og stíls húsanna við hönnun breytinga. Húsin við Heiðargerði 3–65 voru hönnuð af Þór Sandholz og voru húsin áþeckk í upphafi. Fáein hús hafa haldist að mestu óbreytt, Heiðargerði 13, 35, 55, 59 og 65. Af þeim er Heiðargerði 35 upprunalegast og hefur gildi sem slíkt. Tvær húsaraðir hafa einnig haldist að mestu í óbreyttri mynd, Heiðargerði 35–41 og 59–65 og hafa þær gildi sem heillegar götumyndir frá sjötta áratugnum.

Á svæðinu Heiðargerði 2–124 og Hvammsegrði voru að mestu notaðar teikningar þeirra arkitekta sem þátt tóku í samkeppni. Húsum hefur verið breytt mikið í gegnum tíðina en þó má finna nokkur sem fengið hafa að halda sinni upprunalegu mynd. Þar ber helst að nefna Heiðargerði 6, 18, 20, 34, 42, 46, 48, 54, 96 og 98. Hvammsgerði 13 boðaði nýja strauma í byggingarlist og hefur ekki verið mikið breytt. Ekki er gerð tillaga um formlega verndun ofangreindra húsa. Götumyndir sem hafa umhverfislegt gildi eru Heiðargerði 40-48 og Heiðargerði 88-98.

Bent er á að hús í upprunalegum stíl hafa gildi í byggingarsöggunni þar sem þau bera vitni um stílhugsun, handverk og notkun efnis á hverjum tíma. Of mikið hefur verið gert af því að breyta upprunalegum stíl húsa þannig að þau bera ekki lengur með sér svip þess tímabils sem þau tilheyra. Slík nútímvæðing er mjög óæskileg og húsum sjálhnast til bóta. Æskilegt er að skipulagsfyrvöld hvetji til áframhaldandi varðveislu umræddra húsa án þess að bein lagaleg kvöð sé lögð á eigendur þeirra.

Við gerð deiliskipulagsskilmála fyrir hverfið ber að leggja áherslu á að heildarsvipmóti þess verði ekki raskað umfram það sem þegar er orðið og hönnun breytinga og val utanhússefna á einstök hús taki tillit til upprunalegrar gerðar þeirra eftir því sem kostur er. Umfang viðbygginga raski ekki mælikvarða byggðarinnar.

### **3. Byggingarskilmálar.**

#### **3.1. Almenn atriði varða allan reitinn :**

Á reitnum eru margbreytileg hús og viðbyggingar mjög fjölbreytilegar, enda þarfir íbúa breytilegar. Á reitnum eru dæmi um breytingar sem falla vel að upprunalegu húsi, en einnig eru dæmi um viðbyggingar og endurbyggingar sem slíta útlit húss algerlega frá uppruna sínum. Í þeim tilfellum er mælst til að við frekari endurbætur verði hús færð nær uppruna sínum.

Á lóðum þar sem ekki eru bílskúrar eru sýndir byggingarreitir fyrir þá. Gólfkóti bílskúra skal ekki vera hærri en lægsta landhæð í aðlægum lóðamörkum. Bílskúrar skulu vera lágreistir með lítt hallandi þaki eða mænisþaki í samræmi við aðalhús. Hæsta leyfilega hæð við útvegg verði 2.5 m og hæsta leyfilega mænishæð verði 3.8 m mælt frá gólf undir efstu klæðningu.

Við endurbætur verði leitast við að viðhalda uppruna húsanna, við endurnýjun glugga verði þeir gerðir í upprunalegi mynd og gluggar viðbygginga taki mið af upphaflegum gluggum. Við utanhúss lagfæringar verði upprunaleg efnisnotkun varðveitt og þar sem meðferð útveggja hefur verið breytt verði við lagfæringar leitast við að færa húsin aftur að upprunalegi efnisnotkun.

*Heimilt er að byggja frístandandi garðhús að hámarki 15 ferm. Í görðum húsa á reitnum enda liggi fyrir samþykki meðlöðarhafa og samþykki nágranna á aðliggjandi lóðum. Óheimilt er þó að staðsetja slika skála götumegin þar sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir að reynt sé að halda í heillegt yfirbragð götumyndar á Heiðargerðissreit. (málsgr. að ofan bætt inn eftir auglýsingu sbr. umsögn skipulagsfulltrúa)*

Kvaðir á lóðum á reitnum s.s. um umferð, lagnir, gröft o.fl. breytast ekki. Gerð er grein fyrir þeim á mæliblöðum. (málsgr. að ofan bætt inn eftir auglýsingu sbr. umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 11. júlí 2003)

**3.2. Hús norðan götu, oddatölur:** Norðan götu eru fáein hús sem skera sig úr. Hús Orkuveitunnar á lóð nr. 1 c er lágreist aðveitustöð. Þar er gert ráð fyrir stækkun lóðar og viðbyggingarmöguleika. Unnið er að lóðarfrágangi og gangandi umferð verður heimilið um lóðina að göngustíg við Miklubraut. Lóðir 1a og b eru fullbyggðar og lóð nr. 1 fellur undir skilmála sunnan götu. Á skýringamynnd eru sýnd dæmi um viðbyggingar við samstæð hús á lóðum 3-65 fyrir norðan götu. Lögð er áhersla á samræmt útlit vindfanga í hverri húsaröð. Dæmi um vindfang sem falla vel að útliti húss eru við hús nr. 9, 27 og 53.

#### **3.3. Byggingarreitir norðan götu:**

Byggingarreitir eru sýndir með brotinni fjólublárrí línu á korti í mælikvarða 1 : 1.000. Núverandi viðbyggingar eru í

sumum tilfellum út fyrir þá. Viðbyggingar verði feldar að efnisvali og últiti húsa og gluggar taki mið af upphaflegum gluggum húsa. Ekki skal breyta þakhæð eða þakhalla aðalhúss, en sjá skýringamynnd varðandi hæðir og þakhalla viðbygginga. Kjallrar eru heimilaðir þar sem aðstæður leyfa.

*Viðbyggingar A austan húsa verði aðeins einnar hæðar, allt að 2.4 m djúpar og allt að 3.5 m langar. Þak verði einhalla frá aðalhúsi og þakhalli sami og á aðalhúsi eða einhalla þvert á aðalhús í samræmi við anddyri á húsum nr. 9 og 27. Viðbyggingar í sv. króki vestan húsa verði einnar hæðar (B) allt að 3.6 m djúpar með lítt hallandi þaki sem nýtist sem svalir eða tveggja hæða (C) og allt að 2.4 m djúpar. Þá eru heimilaðar viðbyggingar D vestan húsa við norðurmörk lóða allt að 2.4 m djúpar, þak verði einhalla frá aðalhúsi með sama þakhalla og aðalhús. Bent er á að slík viðbygging veldur slagskugga á nágrannalóðir þar sem ekki eru bílskúrar.*

*Byggingarreitir bílskúra E eru sunnan húsa, frá lóðarmörkum að húsi. Heimilt er að reisa bílskúra norðan húsa á nystu lóð í hverri röð nema austustu lóðinni sem er þrengr en aðrar endalóðir. Ef bílskúr er reistur norðan endahúsa má vegna stærðar nyrstu lóða jafnframt reisa viðbyggingu sunnan húss, á byggingarreit sem almennt er ætlaður bílskúr. Á syðstu lóðum hverrar raðar er heimilt að reisa bílskúr meðfram lóðarmörkum (sjá lóðir nr. 51 og 59) eða við gafli húss. Bílskúrar verði feldir að últiti húss, hámarksbreidd ræðst af lóðarbreydd (4.98 m), en hámarkslengd verði 7.6 m. Staðsetning bílskúra verði 4 m aftan við frambrún aðalhúss vegna bílastæða við skúr og gluggasetningar á gafli.*

### **3.4. Heiðargerði sunnan götu (sléttar tölur) og Hvammsgerði:**

Á reitnum eru margbreytileg hús og viðbyggingar mjög fjölbreytilegar, enda þarfir íbúa misjafnar. Sýndir eru byggingarreitir fyrir viðbyggingarmöguleika á lóðum án kjallara þar sem nýtingarhlutfall er undir 0.4 og lóðum með kjallara þar sem nýtingarhlutfall er undir 0.5 og á lóðum þar sem kjallari er undir hluta húss og nýtingarhlutfall er lægra en 0.45. Gert ráð fyrir að viðbyggingar geti bæði innifalið fermetraaukningu vegna hækunar á rishæð og vegna eiginlegra viðbygginga. Stærð viðbygginga er ekki bundin, enda misjafnt hvað hentar á hverri lóð og á lóðum er mismikið ónotað byggingarmagn. Byggingarreitir eru tiltölulega frjálsir, en gæta þarf að brunamálaákvæðum. Í sumum tilfellum eru sérlausnir nauðsynlegar vegna nálægðar útbygginga við lóðarmörk og /eða aðrar bygginigar.

Þegar valið er að auka við fermetrafjölda með hækkun á rishæð má byggja allt að 1.0 m port ofan á 1. hæð. Mænishæð frá gólfí skal ekki vera meirri en 3.8 m. Við endurbyggingu skal upprunalegu þakformi haldið í aðalatriðum hvað varðar mænisstefnu og þakhalla. Hver kvistur skal aldrei ná yfir meira en 1/3 af mænislengd þakflatarins og skal efri brún kvists vera minnst 100 mm neðan mænis aðalþaks.

Á reitnum eru dæmi um breytingar sem falla vel að upprunalegu húsi, en einnig eru dæmi um viðbyggingar og endurbyggingu sem slíta núverandi útlit húss algerlega frá uppruna sínum. Á reitnum eru mörg dæmi um vel leysta kvisti sem falla vel að upprunalegu últiti húss, en einnig eru dæmi um kvisti sem bera aðalhús nánast ofurliði.

Sýndir eru byggingarreitir bílskúra á lóðum án bílskúra. Þeir eru almennt 5 x 8 m og þar sem eru minni bílskúrar og aðstæður leyfa er heimilt að stækka þá í 5 x 8 m. Gólfkóti bílskúra skal ekki vera hærri en lægsta landhæð í aðlægum lóðamörkum. Bílskúrar skulu vera lágreistir með lítt hallandi þaki eða mænisþaki í samræmi við aðalhús. Hæsta leyfilega hæð við útvegg verði 2.5 m og hæsta leyfilega mænishæð verði 3.8 m mælt frá gólfí undir efstu klæðningu.

*Viðbyggingar eru heimilar á lóðum þar sem nýtingarhlutfall er undir 0.4 ef ekki er um kjallara að ræða, 0.5 þar sem er kjallari og 0.45 þar sem kjallari er undir hluta húss. Við gerð viðbygginga skal taka mið af formi og gerð upprunalegs húss og fella viðbyggingar að viðkomandi húsi. Þessar viðbyggingar geta falið í sér stækkan grunnflatar og / eða hækkun þaka sem ekki eru portbyggð í samræmi við skilmála. Heimilt er að reisa bílskúra á þeim fjórum lóðum þar sem ekki eru bílskúrar í samræmi við skilmála. Á þeim fáu lóðum þar sem hús eru nánast í upprunalegu ástandi er mælst til að útlit þeirra og efnisnotkun njóti verndar.*

### **3.5. Ný lóð við Grensásveg:**

Á reitnum er gert ráð fyrir einni lóð fyrir íbúðarhús við Grensásveg. Á lóðinni er gert ráð fyrir einbýlishúsi og skal leitast við að fella það að núverandi byggð varðandi hæðir og form. Húsið má vera tveggja hæða eða kjallari, hæð og ris. Ef kjallari er að minnsta kosti hálf niðurgrafinn má gera ráð fyrir 1 m portbyggingu rishæðar. Þakhalli rishæðar má vera allt að 45° og mænishæð má vera allt að 3.8 m frá gólfí rishæðar (efri hæðar). Ef hús verður tveggja hæða verður þakhalli því minni en ef um portbyggt ris er að ræða.

Byggingarreitir bílskúrs er 5 x 8 m. Gólfkóti bílskúrs skal ekki vera hærri en lægsta landhæð í aðlægum lóðamörkum. Bílskúr skal vera lágreistur með lítt hallandi þaki eða mænisþaki í samræmi við aðalhús. Hæsta leyfilega hæð við útvegg verði 2.5 m og hæsta leyfilega mænishæð verði 3.8 m mælt frá gólfí undir efstu klæðningu.

*Nýtingarhlutfall á lóð má vera allt að 0.4 ef ekki er um kjallara að ræða, en 0.5 verði kjallari. Byggingarreitir er tiltölulega frjálsir, en gæta þarf að brunamálaákvæðum og hugsanlega leita sérlausna ef byggt er nálægt aðlægum*

*byggingareitum. Við hönnun húss skal taka mið af fingerðu yfirbragði hverfisins. Þá er bent á að hafa austurhlið sem lokaðasta vegna nálægðar við umferðargötu og að gler verði að minnsta kosti 35 dB. Öll aðal íverurými snúi frá götu.*

**Fylgiskjöl:**

Húsakönnun gerð á Árbæjarsafni í samráði við byggingarlistadeild Listasafns Reykjavíkur.

Tafla yfir byggingarmagn á lóðum og hvað heimilt er á hverri lóð.

*Leiðrétt greinayað 28.2.05 gr. 2.2.*

*Br. 12.07.2004, grein 2.2.*

Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.I.

---

Götuheiti	Nr	Lóðarstærð	Núverandi m2	Núverandi U	Heimilt U	Heimilt bygg.magn á lóð	Heimil viðbót	Athugasemdir
Heiðargerði	96	405	139,20	0,34	0,45	182,25	43,05	
Heiðargerði	98	495	157,00	0,32	0,45	222,75	65,75	
Heiðargerði	100	495	147,90	0,30	0,40	198,00	50,10	
Heiðargerði	102	478	230,70	0,48	0,45	215,10		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	104	538	164,00	0,30	0,40	215,20	51,20	
Heiðargerði	106	520	148,00	0,28	0,45	234,00	86,00	
Heiðargerði	108	447	206,40	0,46	0,45	201,15		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	110	455	219,20	0,48	0,50	227,50	8,30	Lóð nánast fullnýtt
Heiðargerði	112	455	153,90	0,34	0,40	182,00	28,10	
Heiðargerði	114	479	304,80	0,64	0,50	239,50		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	116	517	128,00	0,25	0,45	232,65	104,65	Vandasamt að byggja við húsform
Heiðargerði	118	636	182,70	0,29	0,45	286,20	103,50	
Heiðargerði	120	570	197,70	0,35	0,45	256,50	58,80	
Heiðargerði	122	448	152,60	0,34	0,45	201,60	49,00	
Heiðargerði	124	458	176,00	0,38	0,45	206,10	30,10	
Hvammsgerði	1	516	160,40	0,31	0,50	258,00	97,60	Vandasamt að byggja við húsform
Hvammsgerði	3	509	257,90	0,51	0,50	254,50		Lóð fullnýtt
Hvammsgerði	5	388	220,50	0,57	0,40	155,20		Lóð fullnýtt
Hvammsgerði	7	405	178,40	0,44	0,40	162,00		Lóð fullnýtt
Hvammsgerði	9	495	175,00	0,35	0,40	198,00	23,00	
Hvammsgerði	11	513	147,70	0,29	0,45	230,85	83,15	
Hvammsgerði	13	478	109,90	0,23	0,40	191,20	81,30	Vandasamt að byggja við húsform
Hvammsgerði	2	498	109,20	0,22	0,45	224,10	114,90	Vandasamt að byggja við húsform
Hvammsgerði	4	564	163,50	0,29	0,40	225,60	62,10	
Hvammsgerði	6	452	199,50	0,44	0,45	203,40	3,90	Lóð nánast fullnýtt
Hvammsgerði	8	416	311,30	0,75	0,50	208,00		Lóð fullnýtt
Hvammsgerði	10	416	249,60	0,60	0,50	208,00		Lóð fullnýtt
Hvammsgerði	12	408	253,40	0,62	0,50	204,00		Lóð fullnýtt
Hvammsgerði	14	520	147,20	0,28	0,40	208,00	60,80	
Hvammsgerði	16	520	162,70	0,31	0,40	208,00	45,30	

Götuheiti	Nr	Lóðarstærð	Núverandi m2	Núverandi U	Heimilt U	Heimilt bygg.magn á lóð	Heimil viðbót	Athugasemdir
Heiðargerði	8	444	179,50	0,40	0,40	177,60		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	10	552	152,90	0,28	0,40	220,80	67,90	Má hækka port eða stækka grunnflöt
Heiðargerði	12	452	80,20	0,18	0,40	180,80	100,60	Má byggja bílskúr, hækka port, stækka grunnflöt
Heiðargerði	14	447	171,80	0,38	0,45	201,15	29,35	Vandasamt að byggja við húsform
Heiðargerði	16	449	173,70	0,39	0,45	202,05	28,35	
Heiðargerði	18	459	193,20	0,42	0,40	183,60		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	20	434	191,60	0,44	0,45	195,30	3,70	Lóð nánast fullnýtt
Heiðargerði	22	521	164,90	0,32	0,45	234,45	69,55	Samp. frá 1985 ekki framkvæmd?
Heiðargerði	24	450	153,20	0,34	0,40	180,00	26,80	
Heiðargerði	26	462	252,60	0,55	0,40	184,80		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	28	455	241,80	0,53	0,50	227,50		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	30	495	248,10	0,50	0,50	247,50		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	32	495	180,80	0,37	0,45	222,75	41,95	Vandasamt að byggja við húsform
Heiðargerði	34	478	149,80	0,31	0,40	191,20	41,40	
Heiðargerði	36	513	116,00	0,23	0,40	205,20	89,20	
Heiðargerði	38	495	111,80	0,23	0,40	198,00	86,20	
Heiðargerði	40	430	182,50	0,42	0,45	193,50	11,00	
Heiðargerði	42	437	161,30	0,37	0,45	196,65	35,35	
Heiðargerði	44	437	160,90	0,37	0,45	196,65	35,75	
Heiðargerði	46	500	196,70	0,39	0,45	225,00	28,30	
Heiðargerði	48	477	197,60	0,41	0,50	238,50	40,90	Vandasamt að byggja við húsform
Heiðargerði	50	431	204,60	0,47	0,45	193,95		Lóð riflega fullnýtt
Heiðargerði	52	415	141,10	0,34	0,40	166,00	24,90	
Heiðargerði	54	433	151,80	0,35	0,45	194,85	43,05	
Heiðargerði	56	412	128,20	0,31	0,40	164,80	36,60	
Heiðargerði	58	412	169,80	0,41	0,45	185,40	15,60	
Heiðargerði	60	405	173,80	0,43	0,45	182,25	8,45	Lóð nánast fullnýtt
Heiðargerði	62	495	186,80	0,38	0,45	222,75	35,95	
Heiðargerði	64	495	194,00	0,39	0,40	198,00	4,00	Lóð nánast fullnýtt
Heiðargerði	66	478	166,90	0,35	0,40	191,20	24,30	
Heiðargerði	68	513	181,30	0,35	0,45	230,85	49,55	
Heiðargerði	70	495	156,80	0,32	0,40	198,00	41,20	
Heiðargerði	72	467	200,20	0,43	0,45	210,15	9,95	Lóð nánast fullnýtt
Heiðargerði	74	475	209,70	0,44	0,45	213,75	4,05	Lóð nánast fullnýtt
Heiðargerði	76	480	343,10	0,71	0,50	240,00		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	78	486	144,00	0,30	0,45	218,70	74,70	
Heiðargerði	80	451	255,00	0,57	0,50	225,50		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	82	485	250,00	0,52	0,50	242,50		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	84	571	187,20	0,33	0,45	256,95	69,75	Vandasamt að byggja við húsform
Heiðargerði	86	538	165,30	0,31	0,40	215,20	49,90	
Heiðargerði	88	410	212,90	0,52	0,45	184,50		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	90	421	161,30	0,38	0,40	168,40	7,10	Lóð nánast fullnýtt
Heiðargerði	92	412	188,20	0,46	0,45	185,40		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	94	412	226,60	0,55	0,45	185,40		Lóð fullnýtt

**Heiðargerðisreitur, listi yfir byggingarmagn og  
hvað er heimilt á hverri lóð.**

Götuheiti	Nr	Lóðarstærð	Núverandi m <sup>2</sup>	Núverandi U	Heimilt U	Heimilt bygg.magn á lóð	Heimil viðbót	Athugasemdir
Heiðargerði	1	641	214,30	0,33	0,40	256,40	42,10	Hækka og br. viðbygg
Heiðargerði	1a	602	261,50	0,43	0,40	240,80		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	1b	527	239,40	0,45	0,40	210,80		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	1c	1686	206,00	0,12	0,20	337,20	131,20	Ath. Göngustíg, orkuveitan
Heiðargerði	3	418	206,30	0,49	0,50	209,00	2,70	Lóð nánast fullnýtt
Heiðargerði	5	336	163,90	0,49	0,50	168,00	4,10	Lóð nánast fullnýtt
Heiðargerði	7	344	153,70	0,45	0,50	172,00	18,30	
Heiðargerði	9	704	160,00	0,23	0,50	352,00	192,00	Fyrirsp. um stækkun bílskúrs og glersk
Heiðargerði	11	467	145,70	0,31	0,50	233,50	87,80	
Heiðargerði	13	396	150,60	0,38	0,50	198,00	47,40	
Heiðargerði	15	404	169,50	0,42	0,50	202,00	32,50	Fyrirsp. um stækkun bílskúrs og byggja yrir svalir
Heiðargerði	17	609	158,10	0,26	0,50	304,50	146,40	
Heiðargerði	19	482	182,90	0,38	0,50	241,00	58,10	Sækja þarf um anddyri
Heiðargerði	21	396	144,80	0,37	0,50	198,00	53,20	
Heiðargerði	23	405	199,50	0,49	0,50	202,50	3,00	Lóð nánast fullnýtt, sækja þarf um anddyri
Heiðargerði	25	626	195,10	0,31	0,50	313,00	117,90	
Heiðargerði	27	506	131,10	0,26	0,50	253,00	121,90	
Heiðargerði	29	396	161,50	0,41	0,50	198,00	36,50	
Heiðargerði	31	404	171,20	0,42	0,50	202,00	30,80	
Heiðargerði	33	669	165,80	0,25	0,50	334,50	168,70	
Heiðargerði	35	517	114,60	0,22	0,50	258,50	143,90	
Heiðargerði	37	396	112,80	0,28	0,50	198,00	85,20	Samb.stækkun fallin úr gildi
Heiðargerði	39	402	205,50	0,51	0,50	201,00		Lóð fullnýtt
Heiðargerði	41	748	166,60	0,22	0,50	374,00	207,40	
Heiðargerði	43	492	148,30	0,30	0,50	246,00	97,70	Sækja þarf um glerskála og anddyri
Heiðargerði	45	396	192,70	0,49	0,50	198,00	5,30	Ath. samræmingu á anddyri, lóð nánast fullnýtt
Heiðargerði	47	404	167,10	0,41	0,50	202,00	34,90	
Heiðargerði	49	762	211,90	0,28	0,50	381,00	169,10	
Heiðargerði	51	471	146,60	0,31	0,50	235,50	88,90	
Heiðargerði	53	396	119,60	0,30	0,50	198,00	78,40	Samþykktur bílskúr fallinn úr gildi
Heiðargerði	55	405	171,90	0,42	0,50	202,50	30,60	
Heiðargerði	57	672	240,10	0,36	0,50	336,00	95,90	
Heiðargerði	59	464	150,60	0,32	0,50	232,00	81,40	
Heiðargerði	61	446	146,60	0,33	0,50	223,00	76,40	
Heiðargerði	63	482	168,80	0,35	0,50	241,00	72,20	
Heiðargerði	65	632	112,80	0,18	0,50	316,00	203,20	Umsókn um glerskála á 1. hæð
Heiðargerði	2	491	196,10	0,40	0,40	196,40	0,30	Lóð fullnýtt
Heiðargerði	4	459	162,50	0,35	0,40	183,60	21,10	
Heiðargerði	6	449	140,70	0,31	0,40	179,60	38,90	